

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur fyrir kalt vatn.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald ársins 2014 og framvegis, þar til annað verður ákveðið, er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 5.490,51 kr. fastagjald + 213,05 kr. á hvern fermetra miðað við hverja mats-einingu skv. fasteignamati. Í Borgarbyggð (þéttbýli), Stykkishólmi, Grundarfirði, Gráborgarveitu*), Munaðarnesveitu*) og Úthlíðarveitu*) er fastagjald 6.264,55 kr. + 275,76 kr. á hvern fermetra. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2013 og uppfærast skv. henni í desember ár hvert.

*) Vatnsveitur í sumarhúsabyggðum. Árlegt vatnsgjald skal að lágmarki vera 29.433,53 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald þann 1. janúar 2014 er 28,72 kr./m³ og gjald fyrir byggingavatn er 132,62 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	34,18	114,09
20 mm	34,80	114,72
25 mm	44,79	124,72
32 mm	50,19	130,13
40 mm	60,40	140,35
50 mm	73,88	153,85
65 mm	99,66	179,40
80 mm	193,36	273,49
≥ 100 mm	203,30	283,44

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfriú dýpi frá tengistað OR við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem OR hefur samþykkt.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	110 mm
Heimæðargjald kr.:	255.364	364.935	521.521	754.858	997.741	1.335.697	1.841.403

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá OR.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani ¹	73.282
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið	63.631
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa	168.202
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	55.828

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við umsóttu stærð.

Heimæðar fyrir fristundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	653.258
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	469.159

Verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbrot.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir desember 2013 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2014. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1102/2012.

Reykjavík, 11. desember 2013.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,

Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri þjónustu.

—————
B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013